

BAKKAÁ 1989

BAKKAÁ 1989

Tumi Tómasson

Hólum, jan 1990 VMST-N/90001X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

BAKKAÁ 1989

INNGANGUR

Seiðastofnar Bakkaár voru athugaðir 19. ágúst 1989. Athugunin fór fram á hefðbundinn hátt. Alls var rafveitt á sjö stöðum í ánni (Mynd 1). Tilgangur slíkra rafveiða er að fá sem gleggsta mynd af útbreiðslu, þéttleika og vexti árganga laxaseiða og til að kanna hvernig tekist hefur með seiðasleppingar. Leitast er við að veiða á sömu stöðum ár frá ári til að samanburðurinn milli ára verði sem raunhæfastur.

Greining hreistursýna af fullorðnum löxum veiddum í ánni styður og bætir þær upplýsingar sem fást úr seiðakönnunum. Einkum fæst þá gott mat á hlutfallslegu mikilvægi seiðasleppinga. Ekki hafa enn borist nein hreistursýni úr veiðinni 1989.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Í Töflu 1 og á Mynd 2 eru teknar saman helstu niðurstöður rafveiðanna. Á efsta veiðistaðnum, stað 2, voru seiði mjög vel haldin og ætti gönguseiðaframléiðsla af þessum kafla árinna að verða góð vorið 1990. Líklega er eitthvað af náttúrulegum 3+ seiðum innanum 2+ sleppiseiðin en sleppiseiði eru þó ríkjandi á þessum stað. Þarna fundust engin seiði úr sleppingunni 1989, enda var sleppt ofar nú en síðastliðið ár þegar sleppingin varó full þétt á neðsta hluta þessa kafla. Frá stað 2 eru um 2-2.5 km fram í vötn og var seiðum dreift á þann kafla vorið 1989.

Á stað 3, fyrir ofan Bakkaselsvaðið, fundust náttúruleg vorgömul seiði. Það er óalgengt að lax hrygni svona framarlega í ánni, en síðast hefur orðið hrygning á þessum slóðum haustið 1985 (klak vorið 1986). Þau seiði fundust fyrst í rafveiðunum 1987, þá sem 1+ seiði.

Náttúruleg vorgömul seiði fundust einnig á tveimur næstu stöðum, þ.e. fyrir ofan og neðan fossinn (staðir 4 og 5). Vel má vera að vorgömul seiði hafi verið víðar í ánni, en þau eru ekki farin að dreifa sér nóg frá hrygningarstöðvunum til að hægt sé að meta það.

Seiði úr hrogni vorið 1988 (1+) fundust ekki á stað 5 (fyrir neðan fossinn), en sá árgangur er þó sterkur neðar í ánni og á líklega eftir að nema land upp að fossi. Á neðsta staðnum fundust sleppiseiði frá því í vor, en innanum og af sömu stærð voru náttúruleg 1+ seiði, seiði sem gætu hafa borist niður á þetta svæði í vorflóðunum, frekar en að þau séu komin úr hrygningu á þessu svæði.

Vorgömul seiði, og reyndar seiði af öllum árgöngum, voru tiltölullega smá miðað við aldur, almennt um 1-1.5 cm styttri en jafngömul seiði hafa verið á undanförunum árum. Þetta má fyrst og fremst rekja til hve kalt var í ánni vorið 1989 og fram eftir sumri, sem orsakaðist af seinu vori og síðan miklum leysingum. Seiðin voru þó almennt vel haldin og ekkert bendir til að of mikill seiðapéttleiki standi einstaklingum fyrir þrifum.

Þegar vorgömul seiði eru mjög smá á fyrsta vetri má búast við miklum afföllum og getur brugðið til beggja vona með 1989 árganginn. Ég tel þó líklegra að nógu stór hluti hans muni lifa og að ekki verði þörf á að grípa til sérstakra seiðasleppingar þess vegna.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Í rafveiðunum í ágúst 1988 bar mikið á stórum seiðum (10 cm og stærri), seiðum sem reikna mátti með að færu til sjávar vorið 1989. Þarna var einkum um að ræða náttúruleg 3+ seiði (staðir 3,4,5 og 6), eins einnig 2+ seiði sem voru ýmist náttúruleg (staður 7), eða úr sleppingum (staðir 2 og 8).

Þessum seiðum hefur fækkað verulega á öllum stöðunum. Við athuganir á seiðastofnum laxveiðiáa í Húnavatnssýslum og víðar á Norðurlandi sumarið 1989, kom í ljós að stór hluti seiða sem vænta mátti að hefði gengið út það voru enn í

ánum og höfðu frestað sjávargöngu sinni um eitt ár. Einnig virtist sums staðar að nokkur afföll hefðu orðið samfara miklum vorflóðum.


Í Bakkaá bendir hinsvegar flest til þess að sjóganga seiða hafi verið almennari og að afföll í ánni hafi ekki orðið veruleg. Miklar sveiflur geta orðið á afkomu laxa í sjó á milli ára, en ég tel þó líklegt að smálaxagengd í Bakkaá þyrfti ekki að verða óeðlilega lítil sumarið 1990 og að hún gæti orðið tiltölulega góð miðað við t.d. húnversku árnar.

Almennt má segja að seiðaástand Bakkaár sé gott og að uppeldissvæði hennar nýtist nokkuð vel til gönguseiðaframleiðslu. Ég tel réttast að sleppa ekki seiðum í ána sumarið 1990, í von um að 1989 árgangurinn komi sámilega undan vetri. Það væri þó öruggast að athuga ána aftur næsta sumar með tilliti til hvort sleppinga yrði þörf 1991.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Bakkaá 19/8 1989. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Staður nr	Stærð m	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100m ²							
		0+	0+ss	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	4+
2	50x4				2.0		9.0		
3	35x7	0.8			5.4			1.7	
4	35x7	6.7		9.6					1.7
5	25x6	3.3				4.0			3.3
6	30x7			10.0		9.5		1.4	0.9
7	40x6			8.3				2.5	
8	30x7		5.7		3.3		1.9		

skyr89
Bakka.89



Mynd 1. - Rafveiðistaðir í Bakkaá.



Mynd 2. Lengdar- og aldersdreifing veiddra laxaseiða í Bakkaá 19. ágúst 1989. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).